


Sveitarfélagið Skagafjörður  
Skagfirðingabraut 17  
550 Sauðárkrókur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. febrúar 2012  
Tilvísun: UST20110900138/edk

## Áminning og krafra um úrbætur

Umhverfisstofnun visar í bréf dagsett 4. nóvember 2011 þar sem áfórmáð var að áminna Sveitarfélagið Skagafjörð vegna 7 frávika frá starfsleyfi sem komu í ljós í eftirlitsferð á urðunarstað sveitarfélagsins við Skarðsmóá, norðan Sauðárkróks, þann 9. júní sl. Í bréfinu veitt Umhverfisstofnun rekstraraðila frest til 21. nóvember 2011 til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Þann 21. nóvember sl. barst beiðni frá rekstraraðila þar sem óskað var eftir lengri frest fyrir sveitarfélagið. Þann 29. desember sl. var erindinu svarað og frestur veittur til 20. janúar sl. Þann 19. janúar tilkynnti sveitarfélagið að áætlun um úrbætur myndi berast í vikunni eftir en hún hefur enn ekki borist Umhverfisstofnun.

Þau frávik sem Umhverfisstofnun telur að rekstraraðili þurfi að bæta úr eru eftirfarandi:

1. Ekki er til staðar starfsleyfistrygging, en hún skal vera til staðar sbr. 17 gr. reglugerðar nr. 738/2003.
2. Ekki var staðfest að til staðar væri jarðfræðilegur tálmi .  $K \leq 1,0 \times 10^9$  m/s; þykkt  $\geq 1$  m, og því er söfnun sigvatns ábótavant, sbr. tl. 3.2 og 3.3 í I. viðauka reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs.
3. Ekki er til staðar kerfi til að safna hauggasi til nýtingar eða brennslu, en safna ber hauggasi af urðunarstöðum sem taka á móti lífrænum úrgangi sbr. 4. tl. í I. viðauka reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs.
4. Eftirlitsupplysingar eru ekki tiltækar er varða gögn um losun eða verndun grunnvatns, en rekstraraðila ber að safna gögnum í samræmi við III. viðauka reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs
5. Ekki er til staðar ábyrgðartrygging, en hennar er krafist sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

6. Ekki er til staðar viðbragðsáætlun, en slík áætlun skal vera til staðar sbr. 1. mgr. 18. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.
7. Ekki eru fullnægjandi ráðstafanir fyrir hendi á svæðinu til að koma í veg fyrir óþægindi eða hættu vegna lyktar og ryks ásamt foki eða aðgengi fugla, meindýra og skordýra þar sem ekki er mokað með fullnægjandi hætti yfir urðunargryfju, en bæta þarf úr þessu í samræmi við ákvæði 2.8. í starfsleyfi og tl. 5 í I. viðauka við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.


**Umhverfisstofnun veitir hér með Sveitarféluginu Skagafirði áminningu, sbr. 2.mgr. 48. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, þar sem enn á eftir að bæta úr framangreindum frávikum. Umhverfisstofnun veitir Sveitarféluginu Skagafirði frest til 1. mars til að skila inn starfsleyfistryggingu, ábyrgðartryggingu og viðbragðsáætlun, og sama frest til að skila inn staðfestingu á að úrbætur hafi verið gerðar varðandi hin fjögur frávakin eða fullnægjandi áætlun um hvenær þær skulu framkvæmdar.**

Sinni Sveitarfélagið Skagafjörður ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða fyrirtækinu dagsektir allt að upphæð 500.000 kr á dag þar til úr er bætt, sbr. 2. mgr. 44. gr. reglugerðar nr. 739/2003

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 49. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kæran borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Aðsetur nefndarinnar er að Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 517/2011, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings við verkefni og þjónustu sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum og sem heimilt er að taka gjald fyrir. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Ágústsdóttir  
sviðsstjóri

  
Sigriður Kristjánsdóttir  
deildarstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands Vestra